

## Ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar

**Auglýst var eftir umsóknum um stuðning til söfnunar ullar í Bændablaðinu þann 11. ágúst sl. Ein umsókn barst frá ÍSTEX hf. sem er reiðubúið til þess að uppfylla öll skilyrði samkvæmt 3. og 4. gr. verklagsreglna um ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar í reglugerð nr. 1221/2015, viðauka I.**

Um fyrirkomulag um greiðslur til bænda segir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. verklagsreglnanna að fjármunum til ullarnýtingar skuli ráðstafað þannig að a.m.k. 85% skulu greiðast til bænda og skal fjárhæðinni deilt niður

hlutfallslega eftir gæðum á hvert kíló hreinnar ullar miðað við alla innlagða ull á tímabilinu 1. nóvember–31. október samkvæmt verðskrá sem Matvælastofnun hefur samþykkt. Þá segir í 1. mgr. 6. gr. að Matvælastofnun gerir síðan upp við seljanda ullar, Ístex hf., eigi síðar en 1. mars 2017.

Verðskrá vegna beingreiðslna til bænda sbr. 1.tölul. 1. mgr. 2. gr. verklagsreglna hefur verið samþykkt af Matvælastofnun. Fjárhæðir eru áætlaðar og birtrar með fyrirvara um breytingar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2017.

### Verðskrá vegna beingreiðslna til bænda

Nr	Gæðaflokkur	Áætlað verð	Stuðlar
10	H- Lamb	708	1,4
11	H-1 Flokkur	683	1,35
12	H-2 Flokkur	455	0,9
13	H-2 Lamb (lítið gölluð)	683	1,35
14	M-Svart	607	1,2
15	M-Grátt	607	1,2
16	M-Mórautt	607	1,2
22	M-2 Flokkur	152	0,3
23	M-3 Flokkur		
24	Úrkast		